



BYGGÐASTOFNUN

## Ákvörðun Á-6/2022

### Breyting á fyrirkomulagi póstafrgreiðslu Íslandspóstshf. í Mosfellsbæ

#### 1. MÁLSMEÐFERÐ

(1) Með tölvuskeyti, dagsettu 31. janúar 2022, tilkynnti Íslandspóstur ohf. (hér eftir ÍSP) um fyrirhugaðar breytingar á fyrirkomulagi póstafrgreiðslu fyrirtækisins í Mosfellsbæ (póstnúmer 270) en pósthús hefur verið rekið við Háholt. Í erindi fyrirtækisins kemur fram að snertiflötum/afgreiðslustöðum viðskiptavina ÍSP hefur fjölgað síðustu ár með tilkomu póstboxa.

Í tilkynningu ÍSP kom fram að ráðist hafi verið í mikla uppbyggingu afgangslustaða í formi Póstboxa víðsvegar á höfuðborgarsvæðinu síðustu misseri sem hafa tekið til sín mikið magn sem áður var afhent á pósthúsum.

(2) Í tilkynningunni segir einnig:

*„Í dag eru 34 afgangslustaðir á höfuðborgarsvæðinu. Þar af 8 pósthús, 20 póstbox og 6 pakkaport og eftir breytingu verða afgangslustaðir 32.*

*Viðskiptavinum býðst í dag að velja sér það afhendingarval sem hentar þeim best hverju sinni og hefur snertiflötum/afgreiðslustöðum viðskiptavina við Póstinn þannig fjölgað mikið síðustu ár með tilkomu Póstboxanna. Þessi þróun hefur átt sér stað á sama tíma og mikil breyting hefur orðið á öllu umhverfi póstpjónustu, bæði í magni og tegundum sendinga. Viðskiptavinir vilja í síauknu mæli sækja sínar sendingar á þeim tíma sem þeim hentar og með uppbyggingu Póstboxanetsins hefur verið brugðist við þeirri þörf.“*

Samkvæmt tilkynningunni var skipting afhendinga á skráðum sendingum svona á höfuðborgarsvæðinu árið 2021:

- Á pósthúsum voru 42% skráðra sendinga afhentar
- Í útkeyrslu voru 34% skráðra sendinga afhentar
- Í póstboxum voru 24% skráðra sendingar afhentar

(3) ÍSP telur þessar tölur sýna skýra þróun í vilja viðskiptavina og bendir á að ekki sé langt síðan að fyrstu póstboxin voru sett upp á Íslandi. ÍSP telur að póstboxin hafi náð markverðri hlutdeild í heildarfjölda afhentra sendinga á stuttum tíma.

(4) Fyrirtækið telur íbúa Mosfellsbæjar þannig áfram njóta þeirrar alþjónustu sem Íslandspósti ber að veita, eins og segir í tilkynningunni.

(5) Ákvæði 5. gr. reglna nr. 504/2003 setja ákveðinn ramma varðandi þau atriði sem Byggðastofnun ber að líta til ef tilkynning berst frá alþjónustuveitanda um að leggja eigi niður afgreiðslustað eða breyta fyrirkomulagi afgreiðslustaðar. Í 4. mgr. er að finna heimildarákvæði fyrir Byggðastofnun til að leita umsagnar sveitastjórna varðandi þau atriði sem talin eru upp í 2. mgr. 5. gr.

(6) Með vísan til 4. mgr. 5. gr. reglna um staðsetningu afgreiðslustaða ofl. nr. 504/2003, óskaði Byggðastofnun eftir að bæjarstjórn Mosfellsbæjar skilaði inn umsögn um erindi Íslandspósts sem taki a.m.k. til þeirra atriða sem sett eru fram í 2. mgr. 5. gr.

(7) Í umsögn Mosfellsbæjar kemur m.a. fram að það sé mat bæjaryfirvalda að lokun pósthússins hafi að minnsta kosti til skamms tíma neikvæð áhrif á póstpjónustu fyrir íbúa og þá sérstaklega eldra fólk. Skilningur er hins vegar á því að aukið vægi vörusendinga sem fólk vill nálgast utan vinnutíma og minnkandi vægi bréfa kalli á breytingar á formi þjónustunnar.

(8) Þá er það mat Mosfellsbæjar að farið hefði betur á því að vinnu við framtíðar fyrirkomulag þjónustu Íslandspósts væri að fullu lokið áður en til lokunar pósthússins kemur þann 1. maí en fyrirséð er að það mun ekki takast að öllu óbreyttu.

(9) Bókun fundar bæjarráðs Mosfellsbæjar að lokinni heimsókn forstjóra Íslandspósts til bæjarráðs (24. febrúar 2022, innsk. BST) var eftirfarandi: „*Bæjarráð Mosfellsbæjar hefur skilning á áformum Póstsins vegna breytinga á fyrirkomulagi þjónustu fyrirtækisins við Mosfellinga og felur bæjarstjóra að vinna með fyrirtækinu að útfærslu sem mætir þörfum íbúa til framtíðar litið.*“

## 2. NIÐURSTAÐA BYGGÐASTOFNUNAR.

(10) Í 1. gr. laga nr. 98/2019 um pósthjónustu kemur fram að markmið laganna sé að stuðla að hagkvæmri, virkri og áreiðanlegri pósthjónustu um land allt til að tryggja notendum aðgang að alþjónustu eins og hún er skilgreind á hverjum tíma.

(11) Í 1. tl. 1. mgr. 4. gr. sömu laga er skilgreint að *afgreiðslustaður* sé aðstaða, t.d. húsnæði, bifreið, eða sjálfvirkur afgreiðslukassi þar sem einstaklingar og lögaðilar geta fengið pósthjónustu.

(12) Eitt af meginatriðum frumvarps til laga um pósthjónustu, sem varð að lögum nr. 98/2019, var að með því hafi verið opnað eins mikið og talið er ásættanlegt á sveigjanleika markaðsaðila til að breyta þjónustufyrirkomulagi til kostnaðarlækkunar og eða tekjuauka, beint eða á grundvelli reglugerðarheimilda.

*„Þessi viðleitni er rauður þráður í frumvarpinu, þ.e. að koma ekki í veg fyrir nauðsynlegan sveigjanleika fyrir stjórnvöld og markaðsaðila til að bregðast við markaðspróun og öðrum áskorunum sem ógnað geta lágmarkspósthjónustu á hverjum tíma.“<sup>1</sup>*

(13) Í 7. gr. reglugerðar um alþjónustu nr. 400/2020 er fjallað um umfang alþjónustu og þar segir:

*Eftirfarandi þjónusta fellur undir alþjónustu:*

- *Aðgangur að afgreiðslustað, þ.e. aðstöðu í húsnæði, bifreið, sjálfvirkum afgreiðslukössum eða póstkössum.*
- *Almennur útburður, innan alþjónustu, skal vera að lágmarki tvisvar í viku nema kringum-stæður eða landfræðilegar aðstæður hindri slíkt.*

*Pósthjónusta, en til hennar teljast:*

- *Rekjanlegar sendingar og tryggðar sendingar.*
- *Bréf allt að 2 kg.*
- *Pakkar upp að 10 kg innanlands.*
- *Pakkar upp að 20 kg milli landa.*
- *Sendingar fyrir blinda og sjónskerta allt að 2 kg.*

(14) Í 1. tl. 1. mgr. 4. gr. laga um pósthjónustu er tilgreint að *afgreiðslustaður* sé aðstaða, t.d. húsnæði, bifreið, eða sjálfvirkur afgreiðslukassi þar sem einstaklingar og lögaðilar geta fengið pósthjónustu eins og áður segir.

---

<sup>1</sup> Kaffi 6: Mat á áhrifum <https://www.althingi.is/altext/149/s/0293.html>

(15) Ein megin skylda ÍSP sem alþjónustuveitanda er að afhenda bréf og böggla til skráðs viðtakanda sem og að móttaka bréf og böggla til pósthúsmeðferðar frá viðskiptavinum sínum.

(16) Engin breyting er boðuð af hálfu ÍSP varðandi útburð póstsendinga á svæðinu. Bréfaþóstur verður áfram borinn út af starfsmönnum ÍSP og bögglaþóstur afhentur með heimkeyrslu eða í póstboxi (sjálfvirkum afgreiðslukassa). Breytingin felst eingöngu í þeim þætti starfseminnar er varðar móttöku sendinga á sérstökum afgreiðslustað (pósthúsi).

(17) Þær breytingar á fyrirkomulagi póstafréttis sem ÍSP hefur tilkynnt um að verði með lokun pósthúss fyrirtækisins í Mosfellsbæ, þýða því ekki að fyrirtækið geti ekki lengur staðið við alþjónustuskyldur sínar, heldur sinni þeim á annan hátt. ÍSP hefur upplýst að innan skamms verði hægt að nota póstbox til þess að pósthúsum sendingar auk þess að taka við þeim.

(18) Að mati Byggðastofnunar er þróun póstafréttis í Mosfellsbæ þess eðlis að ekki virðist þörf á að reka þar pósthús í óbreyttri mynd. Ekki er þörf á að fjalla sérstaklega um samgöngur á svæðinu en íbúar í bænum munu áfram hafa gott aðgengi að þeim pósthúsum sem rekin eru á höfuðborgarsvæðinu. Jafnframt er það mat stofnunarinnar að sú þjónusta sem ÍSP hyggst bjóða íbúum í Mosfellsbæ fullnægi gæðakröfum laga um pósthjónustu nr. 98/2019, sem og þeim skyldum sem hvíla á fyrirtækinu sem alþjónustuveitanda.

(19) Byggðastofnun beinir því til ÍSP að auka kynningu og fræðslu varðandi sjálfsafgreiðslulausnir fyrirtækisins á höfuðborgarsvæðinu sem og annarsstaðar.

Að öllu framangreindu virtu þá er það niðurstaða Byggðastofnunar að ÍSP sé heimilt að breyta fyrirkomulagi pósthjónustu í Mosfellsbæ á þann veg sem greinir í erindi fyrirtækisins, að pósthúsi fyrirtækisins við Háholt verði lokað en afgreiðslustaður verði framvegis í bifreið og/eða í sjálfvirkum afgreiðslukassa.

## ÁKVÖRÐUNARORÐ

1. Byggðastofnun samþykkir beiðni Íslandspósts ohf. dagsett 31. janúar 2022, og heimilar fyrirtækinu að loka póstafréttis fyrirtækisins í pósthúsi í Mosfellsbæ og staðfestir jafnframt að alþjónustuskyldur fyrirtækisins eru uppfylltar.
2. Ákvörðun þessi er kæránleg til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, sbr. 42. gr. laga nr. 98/2019. Kæran skal berast úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því viðkomandi varð kunnugt um ákvörðun Byggðastofnunar. Um meðferð kæru vegna ákvarðana Byggðastofnunar skulu gilda sömu málsmeðferðarreglur og kveðið er á um í 20. gr. laga nr. 75/2021 um Fjarskiptastofu auk ákvæða reglugerðar nr. 36/2009 um úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála. Samkvæmt 4. mgr. 20. gr. laga nr. 75/2021 getur aðili einnig borið

Ákvörðun Byggðastofnunar beint undir dómstóla án þess að mál sé fyrst borið undir úrskurðarnefnd. Slíkt mál skal höfðað innan þriggja mánaða frá því að viðkomandi fékk vitneskju um ákvörðun stofnunarinnar. Málshöfðun frestar ekki réttaráhrifum ákvarðana stofnunarinnar. Málskot beint til dómstóla hindrar að úrskurðarnefnd sé heimilt að taka kæru til málsmeðferðar.

*Sauðarkrókur 20. apríl 2022*

---

*Hjalti Árnason*

---

*Arnar Már Elfasson*